

Paulinn 2024 - Fullorðnir og krakkar

Draflastaðafjall

Draflastaðafjall er 734 m hátt.

Fjallið er norðan þjóðvegarsins um Víkurskarð.

Ekið er eftir þjóðvegi 1 upp á Víkurskarð, að bílastæðinu sem þar er og bílum lagt þar. Gönguleiðin á Draflastaðafjall er óstikuð. Frá bílastæðinu er gengið upp hlíðina til norðurs þar til komið er að lítilli vörðu í 727 m hæð þar sem Paulakassinn á að vera. Ganga má lengra inn á fjallið þar sem útsýni er yfir í Dalsmynnið. Þarna geta verið falleg sumarkvöld og um að gera að njóta í góðu veðri.

Sama leið gengin til baka.

Vegalengd ef gengið er að vörðunni og til baka er alls um 6 km.

Gönguhækkun 410 m.

Áætlaður göngutími er 2 - 3 klst.

ATH. Þessi ferð er á áætlun FFA með fararstjóra 21. júní kl. 19.